



Notendahandbók

Notendaleiðbeiningar fyrir nýju undirsíður á vefsíðu Netorku

Alexander Freyr Lúðvíksson	alexander117@ru.is
Andri Lórenzson	andril18@ru.is
Sigríður Elín Vilbergsdóttir	sigridurv17@ru.is
Stefanía Reynisdóttir	stefania19@ru.is

T-404-LOKA, Final project
Instructor: Ásgeir Freyr Kristinsson
Examiner: Stefán Freyr Stefánsson

13. maí, 2022

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Leiðbeiningar	4
2.1 Mínar síður	4
2.1.1 Týpur af gögnum	5
2.2 Markaðshlutdeild	6
2.2.1 Allt landið	7
2.2.2 Svæðisskipting	7
2.3 Orkusala	9

1 Inngangur

Í þessu verkefni voru hannaðar nýjar undirsíður fyrir innrífef Netorku. Inn á þessum nýjum undirsíðum geta raforkusölufyrirtæki skoðað sína markaðshlutdeild og orkusölu bæði fyrir allt landið og sérstök dreifisvæði. Með þessum nýjungum er hægt að veita þeim betri yfirsýn og sjónrænni leið til að fylgjast með tölunum.


Handbókin er ætluð til að leiðbeina notendum hvernig á að nota nýjustu undirsíðurnar á innrífef Netorku. Síðurnar eru *Markaðshlutdeild* og *Orkusala*.

2 Leiðbeiningar

Í þessum kafla munum við fara skref fyrir skref hvernig á að nota nýju undirsíðurnar. Farið verður yfir hvernig á að sækja gögn, birta gögn og lesa úr gögnunum.

2.1 Mínar síður


Notandi opnar *Innskráning* og skráir sig þar inn. Þegar notandi er innskráður þá hleðst inn *Mínar síður*. Inn á *Mínum síðum* er búið að bæta við tveimur nýjum undirsíðum - *Markaðshlutdeild* og *Orkusala*.




2.1.1 Týpur af gögnum

Í *Markaðshlutdeild* og *Orkusölu* gefst notendum kleift að velja típu af gögnum sem þeir vilja birta. Þeim er skipt upp í þrjá flokka:

- *Tímamælingar* er skipt upp á milli þriggja flipa: *Samtals*, *Forgangsorka* og *Skerðanleg orka*. Í flípanum *Forgangsorka* birtist tafla með yfirlit yfir forgangsorku sem var notuð af viðskiptavinum. Í töflunni *Skerðanleg orka* er birt tafla með yfirlit yfir skerðanlega orku sem var notuð af viðskiptavini. Allar þessar upplýsingar eru svo lagðar saman í töflunni *Samtals*.




- *Notkunarferlar* er skipt upp á milli þriggja flipa: *Samtals*, *Almenn notkun* og *Töp*. Í flípanum *Almenn notkun* birtist tafla með yfirlit yfir orku sem var notuð af viðskiptavinum. Í töflunni *Töp* er birt yfirlit yfir orku sem tapaði sér á leiðarenda. Allar þessar upplýsingar eru svo lagðar saman í töflunni *Samtals*.
- *Heildarnotkun* er skipt upp á milli þriggja flipa: *Samtals*, *Almenn notkun* og *Töp*. Í flípanum *Almenn notkun* birtist tafla með yfirlit yfir orku sem var notuð af viðskiptavinum lagt saman við *Samtals* flípan úr *Tímamælingum*. Í töflunni *Töp* er birt yfirlit yfir orku sem tapaði sér á leiðarenda. Allar þessar upplýsingar eru svo lagðar saman í töflunni *Samtals*.




2.2 Markaðshlutdeild

Notendur smella á *Markaðshlutdeild* reitinn og fá þá upp *Markaðshlutdeild* undirsíðuna.



Hægt er að smella á spurningamerkið hægra megin til að fá leiðbeiningar fyrir síðuna sem opnast í modal glugga.



Tveir flipar eru á síðunni: *Allt land* og *Svæðisskipting*. *Allt land* flipinn sýnir notendum markaðshlutdeild þeirra fyrir allt landið. Í *Svæðisskipting* flípanum geta notendur tilgreint á hvaða svæðum þau vilja sjá sína markaðshlutdeild.



Til þess að geta skoðað gögnin þurfa notendur að tilgreina:

- Týpu af gögnum (Heildarnotkun, Notkunarferlar, Tímamælingar)
- Tímabil (dags til og frá)
- Magn vötts á klukkustund

Heildarnotkun
▼

Frá
📅

Til
📅

KWh
▼

Birta gögn

2.2.1 Allt landið

flippinn *Allt landið* (sem er sjálfgefið val) á að gefa notenda upplýsingar um sína markaðshlutdeild fyrir allt landið.

Í töflunni fyrir neðan er hægt að sjá gildin fyrir *Allt landið* með títugildið *Heildarnotkun* valið. Einnig er hægt að vista töflur sem Microsoft Excel skjal.

Vista


Mánuður

Orkumagn (kwh)

Hlutfallstölur

Markaðshlutdeild (%)

Í hnitarit hér að neðan má sjá hvernig gögn inn í töflunni verða birt í myndrænu formi.




2.2.2 Svæðisskipting

Velji notandi *Svæðisskipting* getur notandi séð sína markaðshlutdeild innan um ákveðin tilgreind svæði. Á síðunni birtist kort af Íslandi sem hægt er að smella á.




Hægt er að velja bæði eitt svæði eða mörg svæði í einu. Til að velja svæði er hægt að smella á kortið eða hnappana fyrir neðan.

Valið svæði er svo litað með grænum lit. Óvalin svæði eru lituð með gráum lit. Boðið er upp á að fela kort.




Í töflunni fyrir neðan er hægt að sjá gildin fyrir Svæðisskipting með týpu gildið Tímamælingar valið. Hægt er að vista töfluna sem Microsoft Excel skjal.




2.3 Orkusala

Inn á *Orkusala* geta notendur skoðað hvert og hversu mikið hlutfall af orkunni þeirra er að fara. Fremst á síðunni er stórt Íslands kort. Notendur geta ráðið hvort þau vilja sjá fyrir allt Ísland eða fyrir einstök svæði. Til að velja einstök svæði er bæði hægt að smella á Íslandskortið sjálft eða á hnappana fyrir neðan.



Hnapparnir og landsvæðin eru lituð græn til að tákna að þau séu valin en annars eru þau grá.



Áður en notendur geta birt gögn þurfa þau fyrst að tilgreina

- Týpu af gögnum (Heildarnotkun, Notkunarferlar, Tímamælingar)
- Týpu af gögnum
- Tímabil (dags til og frá)

